

Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða við lög.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Seltjarnarneshrepps.

1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Seltjarnarneshrepps skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu, áður en tenging fer fram.

2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati.

Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 7.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 4.80 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði.

Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 9.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1000.00.

Nú er fasteign sem greiða ber af vatnsskatt eigi virt fasteignamatsvirðingu og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar miðað við rúmmetra samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

3. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld skv. 1. og 2. gr. öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 81.

7. apríl 1972.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- | | | |
|--|-----|------------------------------|
| 11. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald | kr. | 11.60 á kwst. |
| 12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald | — | 3.40 á kwst. |
| Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja:
Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. | — | 58.00 á m ² á ári |
| Geymslur og gangar þeim tilheyrandi | — | 23.00 á m ² á ári |
| 13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald | — | 3.40 á kwst. |
| 14. Til nota um vinnulagnir meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald | — | 5.80 á kwst. |

B. Almenn heimilisnotkun.

- | | | |
|--|---|--------------|
| 21. Til heimilisnotkunar um kwst.mæli:
Fast gjald | — | 222.00 á ári |
| Orkugjald | — | 2.60 á kwst. |
| Fastagjald af hverju herbergi | — | 222.00 á ári |
- Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö.